Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 09. Júní 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Hrafnhildur Blöndahl, Hildigunnur Guðmundsdóttir

1. **Kerrustæði**
   Talsvert er af hjólhýsum, tjaldvögnum og ýmsu öðru dóti á kerrustæðinu, ástæðan liggur ma. Í að búðið er að loka stæðinu fyrir ofan Heimsenda. Berglind kannar við hvern best er að ræða við hjá Kópavogsbæ til að ræða þetta mál við okkur. Það væri mjög gott að fá einhver svör um notkun á þessu stæði skulu verið til frambúðar.
   Einnig væri gott að kanna hvernær restin af gerfigrasinu verður fjarlægð, Berglind kannar málið.

2. **Landsmót.**
   Farið var yfir stöðuna fyrir komandi landsmót. Sprettur er með aðstöðu á Hjaltastöðum og í húsi FMV á Króknum og fundur með knöpum verið haldin um 20 júní. Stefnt er að því að hafa félagsgrillið á fimmtudeginum.

3. **Innviðanefnd**
   Halldór kallar á innviðanefnd til skrafs og ráðagerða um næstu skref í byggingarmálum.

4. **Lagfæra plan fyrir framan veislusalinn**
   Rætt um að taka bráðabirgðalausn fyrir framan veislusalinn, Ari í Loftorku er með malbikskurl sem hægt er að leggja núna og fara svo í steypuvinnu í haust. Bjössi og Matthildur/Hermann eru með málið á sinni könnu.

5. **Taðmál**
   Bréf frá sjálfbærninefnd, þarf að skoða nánar.

6. **Gæðingamót**
   Það er í vinnslu hjá nefndinni, engar óskir eða fyrirspurning hafa borist frá henni.

7. **Bílamál**
   Í ferli.

8. **Slökkvilið/brunavarnir – úrbætur**
   Í vinnslu, gluggin verður að klárast fyrir mánaðarmótin, það ætti að nást. Að auki þarf að fá aðkeypta þjónustu til að laga einn skynjara/nema til að ljúka málinu.

9. **Önnur mál**
   Fróðlegt væri að taka samtal við í Villum Þór forseta ÍSÍ um málefni hestamanna, bara alemmnt spjall, Halldór hannar málið.

Þyrfti að byrja að skoða mótamál strax í haust, svona til að sem flest verði tilbúið.
Fá Bjössa og/eða Þórdísi á næsta fund ef hægt er.

Fundi slitið kl. 19:20

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson